

Fundargerð stjórnarfundar 17. feb. 2011

Staður: Fellahvarf 8, Kópavogi.

Tími: 17. febrúar, 2011, kl. 20 – 21.30

Viðstaddir:

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG)

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson (SB)

Fulltrúi Dalbrautar: Hjalti Elíasson (HE)

Fulltrúi Króks: Hannes Siggason (HS)

Forföll boðuðu:

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar R. Sigurðsson (ERS)

Fulltrúi Króks: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

Fulltrúi Hólsbrautar: Valdimar Reynisson (VR)

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar (Umsj. SG)
- 2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. GSÓ)
- 3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
- 4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011 – Sjá fylgiskjal með fundarboði. (Umsjón yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)
- 5) Önnur mál (Allir)

-
- 1) Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar, lýst eftir athugasemdum og fundargerðin borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

- 2) Fjárhagsstaða félagsins (umsjón GSÓ)

Liðnum sleppt vegna fjarveru gjaldkera.

3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsjón HE)

Fundur var haldinn í stjórn SR 02.02.2011

Á þeim fundi var það ítrekað að stjórn SR hafði á fundi sínum í nóv. 2010 felld niður leigugjöld hjá þeim landnema sem ekki höfðu vegasamband að löndum sínum sumarið 2010.

SR hefur talað við Landgræðsluna en engin svör fengið varðandi málefni Fellsmerkurinnar.

HS óskaði eftir að á næsta stjórnarfundum SR myndi HE leggja fram eftirtaldar spurningar;

- a) Mun SR leggja leigugjald næsta sumar á þá landnema sem enn verða vegasambandslausir?
- b) Er samningur milli Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og SR um leigu á Fellsmörk enn í gildi?

HE fór yfir tillögur að ársreikningi. HE sagði fréttir af SR og því sem þar er að gerast. Ekki lítur vel út með samningagerð á milli LR og SR.

4) Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010-2011. Sjá fylgiskjal með fundargerð. (Umsjón yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum) Verkefni nr

Verkefni nr. 1. Hagsmunamál landnema gagnvart SR:

1.1 Endurgreiðsla leigu árið 2010 til þeirra landnema sem eru með lönd án vegasambands:

Rætt var um endurgreiðslu á leigugjöldum frá SR til HS og annara sem ekki gátu komist að löndum sínum sumarið 2010, en greiddu leigugjaldið.

HS mun skrifa þeim landnema bréf sem ekki sendu kærur til SR vegna málsins og einnig þeim sem ekki kærðu sig um að fá leigugjöldin feld niður.

1.2 Varanlegar stofnbrautir á austursvæði:

Beðið verður eftir viðbrögðum frá SR

1.3 Varanlegar stofnbrautir á vestursvæði:

Sjá 1.2

1.4 Nýir leigusamningar við SR:

Óbreytt staða.

1.5 Varanlegir varnargarðar vegna vatnsfalla – Viðhald varnargarða:

Verkefni sett í bið

1.6 Varanlegir vegslóðar að öllum lóðum landnema – Viðhald vegslóða:

Verkefni sett í bið

1.7 Varanlegar fjárheldar girðingar:

Verkefni sett í bið

Verkefni nr. 2 Hagsmunamál landnema gagnvart öðrum en SR:

2.1 Rafmagn á Fellsmörk – Athugun á kostnaði og möguleikum:

Gunnar Gunnarsson, Heiðarbraut 5, Fellsmörk hefur talað við Sigurð Pétursson hjá RARIK á Hvolsvelli vegna raflagna að húsum landnema á Fellsmörk. Heimtaugargjald er 350.000.-

En ef hús eru færri en 5 fer gjaldið upp í 500.000.- Sigurður segir að óska megi eftir tilboðum í verkið en þá þarf yfirlitsmynd af svæðinu að fylgja umsókninni.

Verkefni nr. 3 Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk:

3.1 Undirbúningur fyrir sumarið 2011:

HS lagði fram tillögu um plöntuumsókn til LS (sjá fylgiskjal).

Ef samgöngur verða enn í ólestri á komandi sumri gætum við neyðst til þess að taka aðeins 40 bakka af birki og gróðursetja þær plöntur í almenningssvæðið í austur hlíðum Fells-fjalls.

Verkefni nr. 4 Fræðslumál félagsmanna:

4.1 Árlegur fræðslu- og upplýsingafundur:

Hugmyndir eru uppi um að halda fræðslufundinn í jan. árið 2012 í stað nóv. 2011.

Verkefni nr. 5 Upplýsingar til félagsmanna:

5.1 Heimasíðan:

Óbreyt staða

Verkefni nr. 6 Stefnumótun

6.1 Stefnumótun Félags landnema á Fellsmörk:

Frestað fram í október 2011

5) Önnur mál

Fundi slitið um kl. 21.30

Fundargerðina ritaði Sigurlaug Guðmundsdóttir

Dreifing:

- Stjórn félagsins
- Heimasíða félagsins

Fylgiskjöl fundargerðar:

- Verkefnalisti – Áherslumál stjórnar 2010 – 2011, útg. 4 – 20.01.2011
- Pöntunarblað fyrir Landgræðsluskóga árið 2011

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: